

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að óheimilt sé að stöðva og leggja ökutæki við vesturkant Frakkastígs, á milli Hverfisgötu og Laugavegar. Jafnframt að þau bifreiðastæði sem nú eru við vesturkant Frakkastígs, á sama kafla, verði aflögð.

Ofangreint skal merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum þar sem það á við, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

2. Að við leikskólann Nóa borg við Stangarholt verði bílastæði merkt sérstaklega fyrir hreyfihamlaða. Sjá meðfylgjandi mynd í fylgiskjali.

Bifreiðastæðið skal merkt með viðeigandi umferðarmerki D01.21 og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, 19. nóvember 2021.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

Fylgiskjal.



Mynd 1 Tillaga að bifreiðastæði merkt sérstaklega fyrir hreyfihamlaða við Nóaborg við Stangarholt.